

Skilmálar

Reference  
GP26 06.12

# Options sparnaðarsamningur

## Options Investment Plan (OIP)

## Inngangur

Options Investment Plan (OIP) sparnaðarsamningur byggist á reglulegum greiðslum og er einingatengdur **sparnaður** (svonefndur **tengdur tryggingasamningur til langs tíma**, e. **Linked Long Term Contract of Insurance**).

Umsóknareyðublaðið, **skilmálar samningsins**, **samningsáætlun** og allar **áritanir** af **okkar** hálfu teljast hluti af **samningnum**.

Hvert samningsnúmer sem vísað er til í **sparnaðarráætlun þinni** stendur fyrir sjálfstæðan samning. Skilmálar þessir gilda um hvern samning fyrir sig.

Samningurinn er gerður á milli **þín** og Friends Provident International. Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands.

Vinsamlegast lestu hann vandlega ásamt **sparnaðaráætlun þinni** og öllum **áritunum**. Geymdu gögnin á öruggum stað því þeirra gæti orðið þörf komi til kröfu eða breytinga.

Í þessum **skilmálum** felur eintala í sér fleirtölu og fleirtala eintölu.

Kaflaheiti eru til þess að hjálpa **þér** að finna upplýsingar á sem auðveldastan hátt. Fyrirsagnir kafla hafa engin áhrif á merkingu **sparnaðarskilmálanna**.

Ýmis hugtök og **áritanir** í skjali þessu eru **feitletuð**. **Þú** getur kynnt þér merkingu þeirra í kafla 21.

## 1 Iðgjöld

1.1 **Regluleg iðgjöld** má inna af hendi hvort sem er mánaðarlega eða árlega.

1.2 Tíðni og fjárhæðir **reglulegra iðgjalda** eru nánar skilgreindar í **samningsáætlun**.

1.3 **Regluleg iðgjöld** skal greiða með greiðslukorti og greiðast þau inn á **samninginn** í breskum sterlingspundum (GBP).

1.4 Þegar **við** fáum í hendur **reglulegar iðgjaldagreiðslur þínar** notum **við fjárfestingarfjárhæðina** til kaupa á **einingum** á því **útboðsgengi** sem ákveðið er á næsta verðákvörðunardegi **sjóðanna** að undangenginni **greiðslu á reglulegu iðgjaldi þínu**.

1.5 **Þú** getur valið að hækka fjárhæð **reglulegra iðgjalda þinna** að því tilskildu að slík hækkun eigi sér ekki stað innan fimm ára fyrir lokagjalddaga **samnings** og að fjárhæð hækunarinnar sé ekki lægri en sem nemur **lágmarkshækkun iðgjalds**.

1.6 **Þú** getur valið að lækka fjárhæð **reglulegra iðgjalda þinna** að því tilskildu að **regluleg iðgjöld þín** verði ekki lægri en **lágmarksíðgjaldið**.

1.7 Ef **við** höfum ekki mótttekið **reglulegt iðgjald** innan 120 daga eftir að greiðslan fellur í gjalddaga og **samningur þinn** hefur ekki náð **lágmarksvirði samnings** fellur **samningurinn** úr gildi og **þér** verður greitt **innlausnarvirði** hans.

1.8 Ef **við** höfum ekki mótttekið **reglulegt iðgjald** innan 120 daga eftir að greiðslan fellur í gjalddaga og **samningur þinn** hefur náð **lágmarksvirði samnings** lítum **við** svo á að **samningurinn** sé **uppgreiddur** og hann heldur áfram gildi sínu.

1.9 **Þér** er heimilt að taka þér **greiðsluhlé iðgjalda** að því tilskildu að **samningurinn** hafi áður náð **lágmarksvirði samnings**. Ef **þú** tekur þér **greiðsluhlé iðgjalda** er **þér** heimilt að hefja **reglulegar greiðslur iðgjalda** á ný hvenær sem er og **þú** þarft ekki að greiða þau iðgjöld er féllu niður. Ef virði **samningsins** fellur niður fyrir **lágmarksvirði samnings** þarft **þú** að hefja á ný **reglulegar iðgjaldagreiðslur í greiðsluhléinu** eða þá að **samningi** lýkur og verður **þér** þá greitt **innlausnarvirði** hans.

1.10 **Þér** er heimilt að velja að greiða **viðbótarframlag** með bankamillifærslu eða greiðslukorti að því tilskildu að minnst fimm ár séu til lokagjalddaga **samnings**.

1.11 Ef **við** fáum í hendur **viðbótarframlag** notum **við fjárfestingarfjárhæðina** til kaupa á **einingum** á því **útboðsgengi** sem ákveðið er á næsta verðákvörðunardegi **sjóðanna** að undangenginni greiðslu á **viðbótarframlagi þínu**.

1.12 **Fjárfestingarhlutfall ráðstöfunar** á hverja reglulega iðgjaldagreiðslu er eins og hér er lýst:

Upphafleg fjárhæð iðgjalds	Fjárfestingarhlutfall á upphafstímabilinu	Þaðan í frá
35 GBP – 99,99 GBP á mánuði eða 420 GBP – 1199,99 GBP á ári	55%	102%
100 GBP á mánuði og meira eða 1200 GBP á ári og meira	60%	102%

Lengd upphafstímabilsins sem taflan vísar til ræðst af upprunalegri lengd **samnings þins** eins og hér er lýst:

Lengd sparnaðarsamnings í árum	Lengd upphafstímabils í mánuðum
10	16
11	18
12	19
13	21
14	22
15	24
16	25
17	27
18	28
19	30
20	31
21	32
22	34
23	35
24	37
25 eða fleiri	38

1.13 **Fjárfestingarhlutfall ráðstöfunar** á hverja eingreiðslu til viðbótar er eins og hér er lýst:

Fjárhæð eingreiðslu	Fjárfestingarhlutfall ráðstöfunar
2.500 GBP til 9.999,99 GBP	98%
10.000 GBP og meira	99%

## 2 Sjóðir og einingar (hlutdeildarskírteini)

### 2.1 Hvernig við skráum einingar á samninginn

Þegar **þú** fjárfestir skráum **við einingar** á **samning þinn**. Það er gert í þeim **sjóðum** sem **þú** hefur valið **þér**.

### 2.2 Hvernig við reiknum út fjölda eininga til að skrá í samning þinn

**Við** notum **fjárfestingarfjárhæðina** til þess að kaupa **einingar**. **Við** deilum þeirri fjárhæð með **útboðsgengi eininga** í þeim **sjóðum** sem **þú** hefur valið **þér**. **Útboðsgengið** sem **við** notum er **útboðsgengi eininga** þann dag sem **við** tökum á móti **fjárfestingunni**. **Útboðsgengið** er reiknað út með því að deila **kaupgenginu** sem vísað er til í 2.3 hér að neðan með 0,95. Útkoman er námunduð að þremur aukastöfum.

### 2.3 Útreikningur kaupgengis eininga í fjárfestingarsjóði

Hver **eining** í **sjóði** hefur ákveðið **kaupgengi**. **Við** ákveðum **kaupgengið** a.m.k. einu sinni í mánuði (þó yfirleitt hvern viðskiptadag). **Kaupgengið** verður ekki lægra en útreiknað lágmark, sem er:

- verðmæti **sjóðsins** eins og lýst er í kafla 2.4.3
- mínus þeir frádráttarliðir sem lýst er í kafla 2.4.4
- deilt með heildarfjölda **eininga**.

### 2.4 Um sjóðina

#### 2.4.1 Hvað sjóðirnir eru

Hver **fjárfestingarsjóður** býr yfir sjálfstæðu eignasafni. **Við** getum að eigin ákvörðun breytt fjölda og tegundum þeirra **sjóða** sem í boði eru.

**Við** getum hvenær sem er bætt við nýjum **sjóðum**.

**Við** getum takmarkað hvaða **sjóðum þú** getur fjárfest í.

Nánari upplýsingar um leyfilega **sjóði** er að finna í sjóðayfirlitinu.

## 2.4.2 Tilgangur hvers sjóðs

**Við** höfum stofnað hvern **sjóð** aðeins til að geta reiknað út þann ágóða sem **við** greiðum samkvæmt **samningi þínum** og öðrum **samningum**. **Við** erum með öllu löglegur og raunverulegur eigandi allra þeirra eigna sem tengjast hverjum **sjóði**. **Pú** átt hvorki rétt á né tilkall til þessara undirliggjandi eigna.

Þar af leiðandi þarf **þér** að vera ljóst að ólíklegt er að tilteknir fjárfestaverndar- og bótasjóðir sem kunna að vera fyrir hendi í sambandi við sjóði um sameiginlega fjárfestingu eigi við ef **fjárfesting** af þessu tagi með tryggingasamningi bregst.

Ekkert í **samningsskilmálum** þessum:

- merkir að **pú** eða einhver annar eigi lagalegan rétt eða sé raunverulegur eigandi í neinum **sjóði**; né
- takmarkar á nokkurn hátt eignarhald **okkar** á eignum í hverjum **sjóði**.

**Einingar** sem **við** skráum í **samning þinn** eru „óeiginlegar“ (e. notional). Þetta merkir að **við** notum þær eingöngu til þess að reikna út hve mikið **við** greiðum í samræmi við **samning þinn**.

**Við** stýringu á **sjóðum** kunnum við bæði að fækka og fjölga **einingum** í **sjóði**. **Við** grípum til eftirfarandi aðgerða til þess að takmarka áhrif þessa á **verð eininga**:

Ef **við** fjölgum **einingum** bætum **við** í **sjóðinn** fjárhæð sem er jafnhá virði hinna nýju **eininga**.

Ef **við** fækkum **einingum** tökum **við** úr **sjóðnum** fjárhæð sem er jafnhá virði þeirra **eininga** sem eru fjarlægðar.

**Við** byggjum þessi virði á **genginu** þann dag sem **við** fjölgum eða fækkum **einingum**.

## 2.4.3 Hvernig við metum virði eininga í hverjum fjárfestingarsjóði

**Við** metum virði eigna **sjóðsins** af sanngirni á eftirfarandi hátt:

- (a) sé um að ræða sjóð um sameiginlega fjárfestingu eða verðbréfasjóð notum **við** nýjasta **gengið** sem gefið var upp af sjóðsstjórum næsta dag á undan **viðskiptadegi**;

- (b) sé um að ræða sjálfseign eða leigða fasteign notum **við** verðmat sem staðfest er af sjálfstæðum matsmanni sem **við** útnefnum og **við** lagfærum með tilliti til allra breytinga frá verðmatinu;
- (c) sé um að ræða skráð verðbréf byggjum **við** virðið á því **daggengi** sem skráð í viðeigandi kauphöll að **okkar** vali;
- (d) sé um að ræða aðrar eignir notum **við** þá þætti sem **við** teljum viðeigandi og sanngjarna gagnvart fjárfestum, á grundvelli aðgengilegra upplýsinga um **verð** á þessum eignum.

Ef **við** fjölgum almennt **einingum** í **sjóði** byggjum **við** virði hans á þeirri fjárhæð sem **við** myndum hafa þurft að greiða fyrir eignirnar, þ.m.t. öllum sköttum og tollum, kostnaði og öðrum gjöldum sem kæmu til greiðslu.

Ef **við** fækkum almennt **einingum** í **sjóði** metum **við** virði hans á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem **við** hefðum fengið fyrir sölu eignanna að frádregnum öllum sköttum og tollum, kostnaði og öðrum gjöldum sem kæmu til greiðslu.

Sé almennt hvorki verið að fjölga né fækka **einingum** í **sjóði** getum við miðað verðmæti hans við miðverð á markaði og án tillits til kostnaðar af kaupum eða sölu eigna.

**Við** áskiljum okkur rétt til þess að nota raunverulegt **verð** sem aflað er við kaup eða sölu á undirliggjandi eignum **sjóðanna**.

## 2.4.4 Frádráttur frá sjóðunum

**Við** höfum rétt á að endurheimta úr hverjum **sjóði**:

- allan kostnað og útgjöld sem **við** þurfum að standa straum af vegna kaupa, sölu, viðhalds eða verðmats á eignum;
- fjárhæð sem nemur sköttum og álögðum gjöldum (öðrum gjöldum sem **okkur** ber lögum samkvæmt að greiða) og sem **við** ákveðum að **sjóðnum** beri að greiða;
- þá peningafjárhæð sem **við** álitum að **við** ættum að leggja til hliðar til að greiða skatta, gjöld og álögð gjöld sem gert er ráð fyrir að þurfa að greiða í framtíðinni;
- umsýsluþóknanir.

#### 2.4.5 Gjaldmiðill sjóðs

**Við** ákveðum gjaldmiðil fyrir hvern **fjárfestingarsjóð** sem **við** notum til þess að reikna út kaup- og söluvirði hans og **kaup- og sölugengi eininga**.

Ef **gjaldmiðill sjóðs** er annar en **gjaldmiðill samnings** skal **verð** hvers dags umreiknað í **gjaldmiðil samnings** á grundvelli dæmigerðs gengis, sem **við** gætum hafa aflað okkar á markaði þann dag, að frádregnum öllum kostnaði af gjaldmiðlaskiptum sem **við** teljum viðeigandi.

#### 2.5 Að skipta á milli sjóða

##### 2.5.1 Valkostir

**Pú** getur beðið **okkur** um að færa verðgildi sumra eða allra **eininga** í einum eða fleiri öðrum **sjóðum**. **Samningurinn** getur aðeins falið í sér að hámarki tíu **sjóði** hverju sinni.

##### 2.5.2 Að biðja okkur um að skipta á milli sjóða

**Pú** getur aðeins skipt heilli prósentu **eininga** í aðra **sjóði**. **Pú** verður að staðfesta fyrirsmæli **þín** skriflega með því að afhenda eða senda þau **Salisbury-skrifstofu** Friends Provident International, nema **við** höfum samþykkt aðra aðferð.

**Við** metum virði þeirra **eininga** sem er skipt á grundvelli **kaupgengis eininga** næsta virka dag eftir þann dag sem **okkur** berast fyrirsmælin.

**Þér** er heimilt að skipta tvisvar um **sjóð** hvert **samningsár** þér að kostnaðarlausu. Frekari skipti milli sjóða á **samningsárinu** kosta 25 GBP í hvert skipti en fjárhæðin er innheimt með því að draga **einingar** frá **samningi þínum**.

**Pú** getur beðið **okkur** um að beina reglulegum iðgjöldum í ákveðinn **sjóð** hvenær sem er **þér** að kostnaðarlausu, að því tilskildu að **samningurinn** feli ekki í sér fleiri en tíu **sjóði** strax eftir að föstu greiðslunum hefur verið beint í nýjan sjóð.

#### 2.5.3 Þegar ekki er hægt að skipta á milli sjóða

**Við** getum neitað eða frestað því að verða við fyrirsmælum **þínum** um að færa **einigar** á milli sjóða ef **við** álitum að **þú** skiptir það oft á milli **sjóða** að það skaði eða geti skaðað hagsmuni annarra **samningshafa** sem hafa fjárfest með samningum sínum í þessum **sjóðum**. **Við** grípum aðeins til þessa þegar **við** teljum öll rök hníga til þess að vernda þurfi hagsmuni annarra **samningshafa**.

#### 2.6 Að loka sjóðum og sameina þá

##### 2.6.1 Hve langan fyrirvara við gefum þér

Ef **við** ákveðum að loka **sjóði** eða sameina tvo **sjóði** munum **við** tilkynna **þér** það skriflega a.m.k. þremur mánuðum áður en **sjóðnum** er lokað. Þetta gildir nema **við** teljum rök hníga að því að það sé í **þína** þágu að færa þig úr **sjóðnum** innan þriggja mánaða. Í slíku tilfalli reynum **við** að gefa **þér** eins langan fyrirvara og mögulegt er, sem ræðst þó af kringumstæðum. Við ógildum **einingar** í **sjóðnum** sem er lokað. **Þér** er heimilt að biðja **okkur** skriflega um að færa **einingar** í annan **sjóð**. Ef þú velur ekki annan **sjóð** færur við **einingar** í annan **sjóð** sem að mati skipaðs tryggingastærðfræðings **okkar** er líkastur þeim sjóði sem lokað var með tilliti til **fjárfestingar** markmiða, stefnu og áhættustigs.

##### 2.6.2 Hvað þú getur gert ef við lokum sjóði

Ef **við** lokum **sjóði** getur **þú** flutt andvirði **einigganna** þinna úr þeim **sjóði**, eins og lýst er í kafla 2.5.2, þér að kostnaðarlausu. Ef **þú** segir okkur ekki hvaða **sjóð** þú kýst að greiða í færur við andvirði **einigganna** þinna í sjóðnum sem á að loka í **einingar** með sama andvirði í öðrum **sjóði** að **okkar** vali.

#### 2.7 Ábyrgð á fjárfestingarvali

Það er á **þína** ábyrgð að tryggja að viðkomandi **sjóður** henti þér í ljósi **fjárfestingamarkmiða** þinna og viðhorfs til áhættu.

## 3 Gjöld

### 3.1.1 Árleg umsýsluþóknun

**Við** innheimtum árlega umsýsluþóknun á bilinu 0,75% til 3% á ári á grundvelli þeirrar **fjárfestingar** sem **þú** valdir en þóknunin er breytileg eftir **sjóðum**. Hún er dregin frá daglega og endurspeglast bæði í **útboðsgengi** og **kaupgengi eininganna**. Þóknun fyrir hvern einstakan **sjóð** kemur fram á upplýsingablaði um viðkomandi **sjóð** sem finna má á vefsíðu **okkar** ([www.fpinternational.com](http://www.fpinternational.com)).

### 3.1.2 Við gætum hækkað þá árlegu umsýsluþóknun sem vísað er til í kafla 3.1.1. Við gætum hækkað þóknunina ef gjöld sem sjóðsstjórinn leggur á hækka.

Sé þetta gert verður nýja gjaldskráin miðuð við þær fjárhæðir sem **við** álitum nauðsynlegar til þess að endurspegla breyttar kringumstæður. **Við** tilkynnum **þér** það með þriggja mánaða fyrirvara ef árleg umsýsluþóknun er hækkuð, nema sjóðsstjórinn gefi **okkur** minna en þriggja mánaða fyrirvara um að gjöldin muni hækka. Við þær aðstæður reynum **við** að gefa **þér** eins langan fyrirvara og mögulegt er, sem ræðst af kringumstæðum hverju sinni.

**Við** sendum **þér** tilkynninguna í tölvupósti á nýjasta netfangið sem **við** höfum á skrá eða með bréfi á nýjasta pósthöfund sem **við** höfum á skrá. Breytingin tekur gildi daginn sem **við** tilkynnum **þér** um hana.

### 3.2.1 Samningsgjald

**Við** drögum frá samningsgjald áður en **einingar** eru keyptar í **sjóðunum**. Samningsgjaldið er innheimt þegar við móttökum **reglulegt iðgjald þitt**. Samningsgjaldið er 3 GBP á mánuði þegar um mánaðarlegar greiðslur er að ræða og 36 GBP á ári þegar um árlegar greiðslur er að ræða. Samningsgjald á ekki við um **viðbótarframlög**.

### 3.2.2 Við kunnum að hækka samningsgjaldið sem vísað er til í kafla 3.2.1. Við gætum til dæmis hækkað gjaldið ef

- kostnaður **okkar** eykst umfram verðbólgu (til dæmis vegna aukins eftirlits með tryggingafélögum); eða
- breytingar verða á þeirri þjónustu sem **við** veitum.

Verði slík hækkun miðast nýja gjaldskráin við þær fjárhæðir sem **við** álitum nauðsynlegar til þess að endurspegla breyttar kringumstæður.

**Við** tilkynnum **þér** um slíkt með þriggja mánaða fyrirvara áður en gjaldið er hækkað, nema óviðráðanleg atvik komi í veg fyrir að við getum gefið **þér** svo langan fyrirvara. Við þær aðstæður reynum **við** að gefa **þér** eins langan fyrirvara og mögulegt, sem ræðst af kringumstæðum hverju sinni.

**Við** sendum **þér** tilkynninguna í tölvupósti á nýjasta netfangið sem **við** höfum á skrá eða með bréfi á nýjasta pósthöfund sem **við** höfum á skrá.

Breytingin tekur gildi daginn sem **við** tilkynnum **þér** um hana.

### 3.3 Í 2. kafla skilmálanna hér að ofan er að finna nokkra fleiri frádráttarliði.

### 3.4 Ráðstöfunarhlutföllin sem koma fram í köflum 1.12 og 1.13 í skilmálum þessum hafa einnig áhrif á virði **samningsins**.

## 4 Dánarbætur

### 4.1 Við greiðum **dánarbætur** til **greiðsluþegans** þegar **við** höfum mótttekið staðfestingu á að samningseigandi sé látinn og að **greiðsluþegi** hafi lögættan rétt á þeim bótum sem greiða skal samkvæmt **samningnum**.

### 4.2 **Dánarbætur** jafngilda 101 % af verðmæti **eininganna** sem úthlutað hefur verið á **samninginn** á næsta **viðskiptadegi** eftir að **við** höfum mótttekið tilkynningu um andlát. **Við** munum einnig fara fram á sannanir eins og vísað er til í kafla 4.1 hér að ofan. Við drögum frá allt það fé sem **við** eigum útistandandi áður en við greiðum **dánarbæturnar**.

### 4.3 Þegar **dánarbæturnar** hafa verið greiddar tókum **við** ekki lengur við neinum frekari **iðgjöldum** og greiðum heldur ekki neinar frekari bætur. **Samningurinn** fellur úr gildi.

### 4.4 Sé **greiðsluþegi** undir lögaldri getum **við** annað hvort haldið **dánarbótunum** í okkar vörslu fyrir **greiðsluþega** þar til viðkomandi nær lögaldri eða greitt foreldri eða lögráðamanni **greiðsluþega dánarbæturnar**.

Hafi slíkur einstaklingur tekið við greiðslu telst það full og gild greiðsla af **okkar** hálfu.

## 5 Krafa um greiðslu á dánarbótum og viðurkenning á fyrirætlunum þínum

**Við** munum ekki greiða kröfu fyrr en **við** fáum í hendur **samningsáætlunina** og sönnunargögn, eins og tilskilið er, fyrir því að:

- atburðurinn sem er grundvöllur kröfunnar hafi í raun átt sér stað, og
- að sá sem gerir kröfu um greiðslu eigi rétt á henni.

## 6 Innlausn

- 6.1 **Þú** getur hvenær sem er innlest **samninginn** fram að lokagjalddaga með því að senda **okkur** skriflega beiðni um innlausn **samningsins**. **Við** greiðum þér **innlausnarvirðið** þegar **við** höfum fengið staðfestingu á að þú sért í raun sá/sú sem á lagalegan rétt á þeim kröfum sem greiða skal samkvæmt **samningnum**.
- 6.2 Þegar innlausnarvirðið hefur verið greitt út tókum **við** ekki lengur við frekari **iðgjöldum** og greiðum ekki heldur frekari bætur. **Samningurinn** fellur úr gildi.

## 7 Úttektir

- 7.1 **Þú** getur valið að taka út öll þau **viðbótarframlög** sem greidd hafa verið inn á **samning þinn** með því að senda **okkur** skriflega beiðni þar að lútandi, að því tilskildu:
- 7.1.1 að fjárhæð úttektar sé ekki lægri en **lágmark úttektarfjárhæðar**.
- 7.1.2 að eftir úttekt séu eftirstöðvar **innlausnarvirðis samnings þíns** ekki lægri en **lágmarksvirði samnings**.
- 7.2 Þegar **þú** sækir um úttekt innleysum **við einingar** úr öllum **sjóðum þínum** hlutfallslega nema **þú** gefir **okkur** önnur fyrirætlun.
- 7.3 Reglulegar úttektir eru ekki heimilar.

## 8 Tryggðarbónus

- 8.1 Bónus-**einingum** verður bætt við **samninginn** fyrir hverja **fjárfestingu** þegar 121 mánuður er liðinn frá **fjárfestingardegi** og mánaðarlega eftir það. Í hverjum mánuði verður bætt við bónus-**einingum**, sem nema 0,02083% af verðmæti þeirra **eininga** sem þá er úthlutað á **samninginn** og rekja má til þeirrar **fjárfestingar**.
- 8.2 Tryggðarbónus er eingöngu greiddur að því er varðar **regluleg iðgjöld**.
- 8.3 Tryggðarbónus er ekki greiddur á meðan **þú** tekur **þér greiðsluhlé iðgjalda**.

## 9 Gjalddagi samnings

- 9.1 Þegar að lokagjalddaga **samnings** kemur getur þú valið á milli eftirfarandi leiða:
- 9.1.1 Að lengja **samningstímabilið** um að lágmarki fimm ár og, ef við á, halda áfram að greiða regluleg iðgjöld;
- 9.1.2 Að lengja **samningstímabilið** og **greiða upp samninginn**, ef við á.
- 9.1.3 Að afsala þér **samningnum** og fá í hendur **kaupvirði eininganna á gjalddaga**.
- 9.2 Hafir **þú** ekki tilkynnt **okkur** hvaða leið **þú** kýst þegar að gjalddaga kemur innleysum **við** allar einingarnar í **sjóðunum** og varðveitum **innlausnarvirðið** á meðan beiðið er greiðslufyrirmæla **þinna**.

## 10 Tilnefning þriðja aðila sem greiðsluþega

- 10.1 **Samningshafa** er heimilt að tilnefna þriðja aðila, einn eða fleiri, sem **greiðsluþega** hvenær sem er fyrir andlát samningshafa.
- 10.2 **Við** samþykkjum aðeins slíka tilnefningu að því tilskildu að hún sé gerð skriflega og frumritið berist **okkur** á skráða skrifstofu **okkar**.
- 10.3 **Samningseigandi** getur einnig lagt fram síðari tilnefningar í samræmi við skilmála í ákvæði 9.2 hér að ofan, nema fram hafi komið að tilnefningin um þriðja aðila sem **greiðsluþega** sé sett fram sem óafturkallanleg. Allar slíkar síðari gildar tilnefningar nema úr gildi allar fyrri tilnefningar.

- 10.4 **Samningseigandi** getur hvenær sem er fyrir andlát **samningshafa** afturkallað hvaða tilnefningu þriðja aðila sem er, eins eða fleiri, sem **greiðsluþega** nema tilnefningin sé sett fram sem óafturkallanleg. **Við** samþykkingum aðeins slíka tilnefningu að því tilskildu að hún sé gerð skriflega og frumritið berist **okkur** á skráða skrifstofu **okkar**.
- 10.5 Sé **samningurinn** gerður sameiginlega í nafni fleiri en eins aðila verða allir sameiginlegir **samningseigendur** að undirrita eyðublað um tilnefningu **greiðsluþega** eða eyðublað um afturköllun hans; annars er hún ekki fullgild.
- 10.6 Tilnefning **greiðsluþega** hefur engin áhrif á hæfi **samningseiganda** til þess að framselja **samninginn**, segja honum upp eða afsala sér honum á annan hátt fyrir andlát **samningseiganda**, nema tilnefningin sé óafturkallanleg.
- 10.7 Andlát **greiðsluþega** fyrir andlát **samningseiganda** felur í sjálfu sér ekki í sér afturköllun tilnefningarinnar og hefur engin áhrif á rétt erfingja **greiðsluþega** til **dánarbóta**, með fyrirvara um rétt **samningseiganda** til þess að afturkalla tilnefningu **greiðsluþega**.
- 10.8 Hvorki skal krafist samþykkis **greiðsluþega** né neins annars þriðja aðila vegna neinna breytinga eða riftunar á **samningnum**, vegna tilnefningar **greiðsluþega** né vegna neinnar afturköllunar á nokkurn annan hátt á tilnefningu **greiðsluþega**, nema tilnefningin sé sett fram sem óafturkallanleg.
- 10.9 Þegar tilnefningin er sett fram sem óafturkallanleg er **samningshafa** óheimilt að afturkalla, breyta eða aflýsa tilnefningu sem og segja upp samningi, framselja eða afsala sér á annan hátt eignum samkvæmt **samningnum** án fyrirfram skriflegs samþykkis **greiðsluþega**.
- 10.10 Þegar greiðsla fellur í gjalddaga til **greiðsluþega** samkvæmt **samningnum** leysir móttaka **greiðsluþega** á viðkomandi greiðslu okkur undan frekari ábyrgð þar á. Sé **greiðsluþegi** ekki löghæfur vegna aldurs samkvæmt lögum í heimalandi viðkomandi til þess að taka við greiðslunni er **okkur** heimilt að greiða foreldrum eða lögráðamönnum hans eða hennar bæturnar án þess að **okkur** beri skylda til þess að kanna frekar hvernig því er farið. Móttaka slíks foreldris eða lögráðamanns á greiðslunni leysir **okkur** að fullu undan allri frekari ábyrgð þar á.

## 11 Lög sem gilda um samninginn

- 11.1 **Samning** þennan skal lesa og túlka í samræmi við gildandi lög eins og þau eru tilgreind í **samningsáætlun**.
- 11.2 **Samningsskjali** þessu er ætlað að taka gildi sem afsal í skilningi kafla 36A(5) í lögum um hlutafélög frá 1985 samkvæmt landslögum Englands og Wales.

## 12 Framsal

**Þú** skalt senda allar tilkynningar um framsal til **skrifstofu okkar** í **Salisbury**. Einstaklingur undir 18 ára aldri getur ekki framselt **samninginn** og Friends Provident International ber engin skylda til þess að taka gilda neina tilkynningu um meint framsal frá einstaklingi undir 18 ára aldri.

## 13 Breyttar aðstæður

**Okkur** er heimilt að breyta skilmálum **samnings þíns** til þess að endurspeglar hvers kyns breytingar á skatta-, trygginga- eða öðrum þeim lögum er varða skyldur **okkar** samkvæmt honum.

## 14 Réttindi annarra aðila

- 14.1 **Við** og **samningseigandi** erum aðilar þessa samnings.
- 14.2 Ætlun **okkar** er ekki að nokkur annar njóti beinna eða óbeinna samningsbundinna réttinda samkvæmt honum, nema annað sé tekið fram í **samningnum**.

## 15 Almennt

**Þú** skalt senda öll fyrirmæli, tilkynningar eða beiðnir til **skrifstofu okkar** í **Salisbury** og láta fylgja með hvers kyns skjöl, upplýsingar eða samninga sem **við** gætum þurft.

## 16 Gjaldmiðill

- 16.1 Gjaldmiðill **samnings þíns** er bresk sterlingspund (GBP).
- 16.2 Allar bætur samkvæmt **samningnum** greiðast í breskum sterlingspundum (GBP) á skráðri skrifstofu **okkar**.



- 16.3 **Við** sjáum **þér** fyrir verðmati í breskum sterlingspundum (GBP).
- 16.4 Þegar nauðsynlegt reynist að skipta tilgreindri fjárhæð úr einum gjaldmiðli í annan vegna **samningsins** notum **við** það gengi sem banki okkar gefur upp á þeim tíma sem skiptin eiga sér stað. **Þér** er bent á að kynna **þér** nánari upplýsingar um gengisskráningu.
- 16.5 Komi annar gjaldmiðill í stað breskra sterlingspunda (GBP) mun sá gjaldmiðill taka við sem gjaldmiðill iðgjalda. **Samningurinn** helst áfram í gildi og verði síðar horfið frá nýja gjaldmiðlinum skal aftur tekinn upp sá gjaldmiðill sem skilgreindur var fyrir breytinguna eða jafngildi hans.

## 17 Samskipti

- 17.1 **Þú** getur sent **okkur** fyrirmæli bréfleiðis, með símbrefi eða tölvupósti. **Við** getum beðið **þig** um að staðfesta hvers kyns fyrirmæli skriflega en einnig fylgt fyrirmælum sem **við** höfum ástæðu til að ætla að séu gild. **Við** áskiljum **okkur** rétt til þess að aðhafast ekki samkvæmt hvers kyns fyrirmælum þar til **við** höfum fengið í hendur skriflega staðfestingu, jafnvel þótt skortur á slíkri staðfestingu ógildi ekki nein þau fyrirmæli sem **við** höfum þegar fylgt. Ekki er hægt að krefjast þess að **við** fylgjum neinum fyrirmælum sem **við** höfum ástæðu til að ætla að gætu leitt til þess að einhver samningsaðili brjóti á einhvern hátt lög, reglur eða reglugerð.
- 17.2 **Við** berum ekki ábyrgð á neinu tjóni, skemmdum, svikum eða misnotkun fjár sem sprettur af hvaða villu eða bilun sem er í sendingu, misskilningi, mistökum **okkar** eða starfsfólks **okkar**, þjónustufólks eða fulltrúa hvað varðar að bera kennsl á þann eða þá sem gefur fyrirmæli með símbrefi eða tölvupósti.
- 17.3 **Þú** samþykkir að bæta **okkur** tjón að fullu og öllu og að tryggja skaðleysi **okkar** gagnvart öllu tapi, miska, ábyrgðarskyldu, aðgerðum, málshöfðunum, kröfum, kostnaði og útgjöldum, þ.m.t. lögfræðilegum kostnaði, sem rís af eða í tengslum við að **við** fylgjum eða fylgjum ekki fyrirmælum sem **þú** gefur **okkur** í símbrefi eða tölvupósti.

## 18 Námundun

**Okkur** er heimilt að námunda eftir því sem sanngjarnt þykir alla útreikninga að hámarki um 0,1%. Þegar kaup eða afpantanir á **einingum** eru námundaðar rennur mismunurinn jafnan til áframhaldandi **samningshafa** í viðeigandi **sjóði**.

## 19 Gildi samnings í heild enda þótt einstök ákvæði reynist ógild

Reynist einhver ákvæði þessa **samnings** (eða hluti ákvæðis) ógild eða óaðfararhæf að einhverju leyti eða í einhverjum tilgangi hefur það engin áhrif á gildi eða aðfararhæfi í öðrum tilgangi að því er varðar önnur ákvæði hans. Slíkt ákvæði skal teljast aðskilið með fyrirvara um hvers kyns seinni breytingar sem gætu verið nauðsynlegar.

## 20 Verðbólga

Allar fjárhæðir sem fram koma í ákvæðum **samnings** þessa kunna að hækka öðru hverju í samræmi við vísitölu smásöluverðs (Retail Prices Index) eða sambærilega vísitölu í Bretlandi.

## 21 Skilgreiningar

**Viðbótarframlag** þýðir eingreiðsla til viðbótar sem **þú** getur bætt við öðru hverju, að því tilskildu að hvert viðbótarframlag sé ekki lægra en 2.500 GBP.

**Fjárfestingarhlutfall** merkir sú prósentu af hverri iðgjaldsgreiðslu sem **við** verjum til kaupa á **einingum**.

**Kaupgengi** merkir það **verð** sem **við** notum til að verðmeta **samninginn** og skipta eða innleysa **einingar**.

**Kaupvirði** merkir heildarvirði allra **eininga** í þeim **sjóðum** sem ráðstafað er í **samning þinn**.

**Innlausnarvirði** merkir kaupvirði þeirra **eininga** sem ráðstafað er í **samninginn** næsta **viðskiptadag** eftir móttöku staðfestingarinnar sem vísað er til í ákvæði 6.1 og öllum öðrum kröfum.

**Gjaldmiðill samnings** merkir sá gjaldmiðill sem **við** notum í öllum viðskiptum samkvæmt **samningnum**.

**Fjárfestingardagur** merkir dagsetning hvernar **fjárfestingar** þegar einingar eru skráðar á **samninginn**.

**Dánarbætur** merkir sú fjárhæð sem **við** greiðum **þér** þegar **samningseigandinn** deyr.

**Viðskiptadagur** merkir dagur sem við eigum viðskipti með **einingar sjóðs**. Sá dagur getur verið breytilegur frá einum **sjóði** til annars.

**Gildistöku dagur** merkir sá dagur sem **við** teljum **samninginn** hafa öðlast gildi eins og getið er um í **samningsáætlun**.

**Áritun** merkir yfirlýsing sem við gefum út til skráningar á hvers kyns samþykktum breytingum á **samningnum** í samningsáætluninni.

**Sjóður** merkir einn eða fleiri **fjárfestingarsjóðanna**.

**Gjaldmiðill sjóðs** merkir sá gjaldmiðill sem við höfum valið til notkunar fyrir **fjárfestingarsjóð**.

**Fjárfesting** merkir greiðsla sem berst inn á **samning þinn**. **Við** sýnum fjárhæð fyrstu **fjárfestingar þinnar** í **samningsáætluninni**.

**Fjárfestingarfjárhæð** merkir sú fjárhæð sem notuð er til kaupa á **einingum** í þeim **sjóði** eða **sjóðum** sem **þú** valdir **þér**. Hún er í **formi reglulegs iðgjalds** eða **viðbótareingreiðslu** eftir að **við** höfum dregið frá samningsþóknun sem kveðið er á um í ákvæði 3.2.1 og beitt **fjárfestingarhlutfallinu** sem kveðið er á um í 1.12 og 1.13.

**Fjárfestingarsjóðir** merkir þeir **sjóðir** sem **þér** gefst kostur á að fjárfesta í. Þeim er lýst í kafla 2.4. Ýtarlega lýsingu á hverjum **sjóði** er að finna í sjóðayfirlitinu sem er fánlegt á prentuðu formi frá **okkur** eða á vefsíðu **okkar**.

**Samningseigandi** merkir sá einstaklingur sem tilgreindur er í **samningsáætlun** en **dánarbætur** verða greiddar við andlát hans.

**Tengdur tryggingasamningur til langs tíma** merkir tryggingasamningur þar sem veittar bætur ákvarðast á grundvelli afkomu þeirra **fjárfestingarsjóða** sem **þú** hefur valið.

**Gjalddagi samnings** merkir sá **gjald dagi** sem tilgreindur er í **samningsáætluninni**. Ekki er hægt að breyta **gjald daga samnings** sem **þú** hefur valið og tilgreindur er í **samningsáætlun þinni** eftir **gildistöku dag** hans.

**Lágmarksiðgjald** merkir 35 GBP á mánuði eða 420 GBP á ári.

**Aukning lágmarksiðgjalds** merkir 25 GBP á mánuði eða 300 GBP á ári.

**Lágmarksvirði samnings** merkir 500 GBP eða þar sem **viðbótarframlag** hefur verið greitt 2.500 GBP.

**Lágmark úttektarfjárhæðar** merkir 250 GBP.

**Útboðsgengi** merkir það **verð** sem **við** notum til kaupa á **einingum**.

**Uppgreitt** merkir að engin frekari **regluleg iðgjöld** hafa verið greidd og að iðgjöld sem þegar hafa verið greidd séu áfram fjárfest í þeim **sjóðum** sem **þú** hefur valið.

**Greiðsluþegi** merkir síðasti eða síðustu einstaklingar, ef einhverjir eru, eins og mælt er fyrir um fyrir andlát **samningseiganda** sem viðtakanda **dánarbótanna**. Hafi engin slík tilnefning átt sér stað eða ef slík tilnefning hefur verið afturkölluð án þess að **þú** hafir tilnefnt einhvern annan fyrir andlát **samningseiganda** eru löglegir fulltrúar tryggingartaka **greiðsluþegi**.

**Samningur** merkir þessir **samningsskilmálar**, **samningsáætlun þín** og hvers kyns **áritanir**.

**Samningshafi** merkir einstaklingurinn sem tilgreindur er í **samningsáætluninni** sem **tryggingartaki**.

**Samningsskilmálar** merkir þeir almennir skilmálar sem kveðið er á um í skjali þessu.

**Samningsáætlun** merkir sú **samningsáætlun** sem er fyrst gefin út með **samningnum** og allar endurskoðaðar **samningsáætlanir** sem gefnar hafa verið út vegna breytinga á skilmálum **samningsins**. **Samningsáætlunin** tilgreinir atriði sem eiga sérstaklega við um **samninginn**, svo sem nafn **samningseiganda**.

**Samningsár** merkir árið sem hefst með **gildistöku daga** eða sami dagur ársins árlega þaðan í frá.

**Verð/gengi** merkir **verð eininga**. Kafli 2.3 fjallar um hvernig það er reiknað út.

**Greiðsluhlé iðgjalda** merkir tímabundin frestun á greiðslu iðgjalda sem **þú** getur nýtt þér eftir að **samningurinn** hefur náð **lágmarksvirði samnings**.

**Reglulegt iðgjald** merkir sú fjárhæð sem þú samþykkir að greiða mánaðarlega eða árlega inn á **samning þinn**.

**Salisbury-skrifstofan**

Friends Provident International  
United Kingdom House  
Castle Street  
Salisbury  
Wiltshire  
SP1 3SH  
Bretlandi  
United Kingdom

**Einingar** (hlutdeildarskírteini) merkir þeir eignarhlutar sem hver **sjóður** skiptist í.

**Við, okkur og okkar** merkir Friends Provident International.

**Úttektarfjárhæð** merkir stök fjárhæð sem **þú** hefur beðið **okkur** um að greiða út af **samningnum**.

**Þú, þig, þér, þinn og þín** merkir sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru samningshafi/hafar.

Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited  
fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands

Skrásett skrifstofa: Pixham End, Dorking, Surrey RH4 1QA England  
Hlutafélag með dreifða ábyrgð í hlutabréfum og skráð í England og Wales, númer 4096141  
Leyfisveitingar og eftirlit í Bretlandi annast breska Fjármálaeftirlitið (Financial Services Authority)  
Fyrirtækið er meðlimur í The Association of International Life Offices

Salisbury skrifstofa: United Kingdom House, Castle Street, Salisbury, Wiltshire SP1 3SH England  
Simi +44(0) 1722 326785 Fax +44(0) 1722 332005  
Netfang: [fp.int@friendsprovident.com](mailto:fp.int@friendsprovident.com) Vefsíða: [www.fpinternational.com/is](http://www.fpinternational.com/is)

